



## Fundargerð

388. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

10. júní 2020, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Hrafn Ásgeirsson, Jasmina Crnac, Jónína Sigríður Birgisdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Sigríður Daníelsdóttir sat fundinn í 3. og 4. máli.

\* \* \*

### 1. MST-CAN fjölkerfameðferð (2020060115)

María Gunnarsdóttir, forstöðumaður barnaverndar, mætti á fundinn og kynnti málið.

Í framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2019-2022 hjá ríkinu er lögð áhersla á að innleiða MST – CAN sem er fjölkerfameðferð fyrir fjölskyldur barna frá sex ára aldri þar sem börn búa við ofbeldi eða vanrækslu. Barnaverndarstofa leitar eftir sveitarfélögum sem eru tilbúin til að taka þátt í þessu tilraunaverkefni. Óskað er eftir svari fyrir 18 júní 2020.

Velferðarráð vísar málinu til gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021.

### 2. Starfsumhverfi á velferðarsviði – niðurstöður og tillögur (2020021011)

Kristinn Óskarsson, mannauðsstjóri, fór yfir niðurstöður úr úttekt á starfsumhverfi á velferðarsviði sem unnin var af Líf og sál, sálfræði- og ráðgjafastofu, ásamt tillögum sem miða að því að bæta starfsumhverfið.

Velferðarráð mun fylgjast með framvindu málsins.

### 3. Öryggisgæsla og öryggisvistun (2020060028)

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, gerði grein fyrir málinu.

Velferðarráð tekur jákvætt í erindið.

### 4. Áfangaheimili (2020060125)

Börkur Birgisson og Pétur R. Pétursson frá Minningarsjóði Þorbjörns Hauks Liljarssonar, Öruggt skjól, mættu á fundinn og kynntu hugmynd að áfangaheimili sem sjóðurinn hefur hug á að opna í Reykjanesbæ.



#### **5. Aðgerðir á velferðarsviði vegna efnahagsáhrifa COVID-19 (2020050218)**

Velferðarráð lýsir yfir ánægju með þau störf sem Reykjanesbær fékk úthlutað í átaki félagsmálaráðuneytisins og Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri.

#### **6. Hjálpræðisherinn - samstarf við Reykjanesbæ (2020060126)**

Erindi frá Hjálpræðishernum þar sem óskað er eftir samstarfi við Reykjanesbæ.

Velferðarráð þakkar Hjálpræðishernum fyrir starf hans á svæðinu sl. 13 ár. Sviðsstjóra er falið að meta hvaða tækifæri eru til samstarfs við Hjálpræðisherinn.

#### **7. Fjölpætt heilsuefling 65+ - áfangaskýrsla 2019 – 2020 (2020050203)**

Áfangaskýrsla IV frá Janusi heilsueflingu lögð fram. Í skýrslunni er farið yfir stöðu verkefnisins Fjölpætt heilsuefling 65+ í Reykjanesbæ um áramót 2019/2020.

Velferðarráð telur jákvætt hversu góð aðsókn er í Fjölpætta heilsueflingu 65+ og að niðurstöður úr rannsóknum sem gerðar hafa verið í tengslum við sýna fram á bættu heilsu þátttakenda.

#### **8. Umhverfisstefna Reykjanesbæjar (2020021391)**

Velferðarráð telur æskilegt að í umhverfisstefnunni verði áhersla á aðgengismál fatlaðs fólks.

#### **9. Velferðarvaktin - heimsókn 19. júní 2020 (2020060130)**

Velferðarvaktin heimsækir Reykjanesbæ þann 19. júní næstkomandi og er dagskrá í vinnslu.

Lögð fram samantekt um úrræði og athafnir á sviði velferðarmála á Suðurnesjum sem samráðshópur um tillögur að forvörnum á Suðurnesjum í kjölfar Covid-19 hefur tekið saman.

#### **10. Fundargerð Samtakahópsins 14. maí 2020 (2020010330)**

Fundargerðin lögð fram.

#### **11. Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar 28. maí 2020 (2020010010)**

Fundargerðin lögð fram.

Velferðarráð fagnar því að haldinn verði annar íbúafundur með heilbrigðisráðherra.

#### **12. Mælaborð og tölulegar upplýsingar (2020021149)**

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, lagði fram mælaborð og tölulegar upplýsingar.

#### **Fjárhagsaðstoð**

Í maí 2020 fengu 135 einstaklingar greiddan framfærslustyrk frá Reykjanesbæ, alls voru greiddar kr. 18.077.652,-. Í sama mánuði 2019 fékk 101 einstaklingur greiddan framfærslustyrk.



### **Sérstakur húsnæðisstuðningur**

Í maí 2020 fengu alls 226 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals kr. 3.101.858,-. Í sama mánuði 2019 fengu 168 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning.

### **Áfrýjunarnefnd**

Í maí 2020 voru 16 mál lögð fyrir áfrýjunarnefnd. 13 erindi voru samþykkt og 3 erindum synjað.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.